




Borðtennissamband Íslands
The Icelandic Table Tennis Association
Íþróttamiðstöðinni Laugardal
104 Reykjavík
Fax: +354 588 8848

Member of:
The Nordic Table Tennis Federation NTTF
The European Table Tennis Union ETTU
The International Table Tennis Federation ITTF

Fundargerð ársþings Borðtennissambands Íslands 2025

Ársþing Borðtennissambands Íslands 2024 fór fram í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 11. maí 2025 kl. 14.

Dagskrá þingsins er:

- 1) Þingsetning.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara.
- 3) Staðfesta lögmæti fundarins.
- 4) Kosning kjörbréfanefndar.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings.
- 6) Afhending viðurkenninga.
- 7) Ávörp gesta.
- 8) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
- 9) Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna).
- 10) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
- 11) Reikningar bornir undir atkvæði.
- 12) Fjárhagsáætlun.
- 13) Lagabreytingar.
- 14) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
- 15) Kosning stjórnar og varamanna.
- 16) Kosning skoðunarmanna reikninga.
- 17) Val fulltrúa á íþróttþing.
- 18) Önnur mál.
- 19) Ræða formanns.
- 20) Þingslit.

Fundargerð

- 1) Þingsetning. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir formaður setur þingið. Nefnir að umræða sé um að bæta við möguleika á að mæta á ársþing í gegnum fjarfundarbúnað. Fagnar fjölgun félaga og góðri mætingu á þingið. Fer yfir dagskrá þingsins.
- 2) Kjör fundarstjóra og fundarritara. Auður stingur upp á Pétur Marteini sem fundarstjóra og Sigurjóni Ólafssyni sem fundarritara, það er samþykkt samhljóða.

- 3) Staðfesta lögmæti fundarins. Fundarstjóri tekur við, samþykkt samhljóða.
- 4) Fundarstjóri biður um tilnefningar fyrir einstaklinga í kjörbréfanefnd. Tilnefningar eru: Ásta Urbancic, Ólafur Elí og Jón Gunnarsson. Samþykkt samhljóða.
- 5) Fara yfir fundargerð síðasta þings. Formaður vísar til þess að fundargerðin hafi verið aðgengileg á vef sambandsins frá því í maí í fyrra. Engar athugasemdir gerðar við hana og hún staðfest.
- 6) Afhending viðurkenninga. Auður fær orðið. Tveir borðtennismenn fá gullmerki BTÍ, hoppa yfir silfurmerkið. Sá fyrri er Ólafur Elí Magnússon, sem hefur sinnt brautryðjendastarfi í borðtennis. Ólafur Elí og Ásta Laufey byggðu upp borðtennis á Hvolsvelli. Fengu fyrsta Íslandsmeistaratitil í flokki unglinga í vor. Aukið samstarf á Suðurlandi styrkir starfið. Borðtennis á Suðurlandi hefur farið úr 3 félögum í 8 á síðustu 2 árum. ÍSÍ var á undan BTÍ að afhenda Ólafi Elí viðurkenningu sem íþróttaeldhuga ársins. Seinni maðurinn sem fær gullmerki BTÍ var vant við látinn og er ekki viðstaddur þingið. Kári Mímisson hefur verið viðloðandi hreyfinguna frá 2002. Var í unglingalandsliði, margir Íslandsmeistaratitlar, keppt fyrir hönd Íslands í helstu keppnum erlendis. Alþjóðadómari, Keppt m.a. í sænskri deild, slóvakískri og norski deild. Þjálfað í mörgum flokkum. Auður rakti önnur afrek Kára, verið í stjórn ÍSÍ í tvö ár og fulltrúi í íþróttanefnd. Vakinn og sofinn yfir málum borðtennishreyfingarinnar. Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir frá stjórn ÍSÍ tók við gullmerkinu fyrir hönd Kára.
- 7) Kjörbréfanefnd lokið störfum, Ásta kjörin formaður í nefndinni. Hún stígur í pontu. 29 fulltrúar eru á þinginu. Tveir á lista sem eru ekki mættir, Bjarni Þ. Bjarnason og Guðmundur Stephensen. Ekki öll félög eru að fullnýta sinn fulltrúafjölda.
- 8) Ávörp gesta. Fundarstjóri mætir í pontu og býður Kolbrúnu Hrund, sem situr í stjórn ÍSÍ, orðið. Hún þakkar heiðurinn. Nefnir rödd Kára fyrir borðtennis í stjórn ÍSÍ. Mikilvægi þess að fulltrúar ÍSÍ mæti á þing sérsambanda. Hlakkar til að heyra það sem er efst á baugi, áskoranir og hvað við viljum koma á framfæri. Færir kærar kveðjur frá forseta ÍSÍ, Lárusi Blöndal og stjórn ÍSÍ. Nefnir að við getum alltaf leitað til skrifstofu ÍSÍ. Nefnir íþróttaping ÍSÍ sem fer fram um næstu helgi, langt síðan verið svona spennandi, kosning forseta og í stjórn. Fjölmargar tillögur frá sambandsaðilum, lagabreytingar [o.fl.](#) BTÍ er með einn aðalfulltrúa og einn varafultrúa á þinginu. Þakkar Lotto og Íslenskri Getspá fyrir stuðninginn við hreyfinguna. Peningar skipta endalaust miklu máli til að reka starfið. Nefnir hlutverk gervigreindar og annað sem keppir um athygli fólks, skiptir máli að hugaa að mennskunni og mannlegum tengslum og þar skiptir íþróttastarf miklu máli. Eigum að hlúa að þessu og sjálfbóðaliðunum okkar. Alltaf erfiðara að fá sjálfbóðaliða til starfa. Bara að sýna þakklæti getur skipt ótrúlega miklu máli, fá viðurkenningu. Hefur áhrif á hvort fólk heldur áfram, smá umbun, þakklæti og taka eftir starfi þeirra. Leggja á fram tillögu um verndun og öryggi íþróttafólks, andlega sem líkamlega. Nefnir siðareglur BTÍ á vefnum, eru mikilvægar þegar eitthvað kemur upp, að láta fólk skrifa undir skiptir máli. Hrósar að lokum hve vel hefur tekist í útbreiðslumálum, aukningu félaga. Ótrúlegt. Að sjá aukninguna er geggjað, gríðarleg samkeppni um tíma fólks og barna. Óskar BTÍ góðra þingstarfa og góðs gengis um næstu helgi.
- 9) Fráfarandi stjórn gefur skýrslu. Auður fer yfir skýrslu stjórnar frá apríl 2024 til maí 2025. Fer yfir stærstu þætti í efni ársskýrslu sem er aðgengileg á [bordtennis.is](#). Auður fer yfir efni skýrslunnar á skjánum. Sýnir og fer yfir útbreiðslukortið og störf stjórnarinnar. Stefán Ingvar Vigfússon vann skýrsluna að þessu sinni en hann er fyrrverandi borðtennismaður. Auður nefnir breytingar varðandi sína vinnu, er hætt störfum erlendis og er flutt heim. Nefnir samstarf við Íþróttafélag fatlaðra um að Íslandsmót ÍF verði í samstarfi við BTÍ. Þakkaði Jóhanni Inga Benediktssyni sérstaklega fyrir öflugt framlag í stjórn.
- 10) Reikningar sambandsins lagðir fram. Már Mixa gjaldkeri kynnir fjármál og reikninga BTÍ. 25 mkr fóru út og 23 mkr komu inn. 2 mkr halli í ár. Peningastaða BTÍ síðustu ár: 2022 :19,4 mkr. en árið 2025: 4 [m.kr.](#) Á tímabilinu var framkvæmdastjóri og mjög öflugt útbreiðslustarf. Þurftum að fara í hagræðingaraðgerðir, núna er ekki lengur framkvæmdastjóri starfandi, drógum úr ferðum og vægi landsliðsþjálfara. Hægt á útgjöldum. Af 34 sérsamböndum fáum við 3ðja minnsta styrkinn

en erum á topp 3 fyrir vinnubrögð á fjármálatölum. Erum að vinna með Fastlandi í að gera ítarlegan reikning sem er ekki tilbúin í dag. Um miðjan júní verður efnt til auka ársþings á fjárfundi til að fara nánar í fjármálin. MM birtir sundurliðaðan kostnað og tekjur eftir verkefnum í glæru. Kostnaður vegna útbreiðslu endurspeglar ekki þá miklu vinnu sem formaður sérstaklega hefur lagt í útbreiðslu með sinni vinnu. MM bjó til nýja reikninga í bankanum - setti fé á hávaxtareikninga sem skilaði um 400 þús kr. umfram það sem hlaupareikningur býður upp á í ávöxtun. Vildi nota tækifærið að benda á að Auður er nú komin heim. Telur að Auður sé u.þ.b. í 60-70% vinnu fyrir BTÍ. Hreyfingin getur að sumu leyti sparað sér pening með því að vera ekki með framkvæmdastjóra en Auður hefur bara tekið verkefnin að sér. Ef sama stjórn verður áfram verður Guðrún næsti gjaldkeri. Nefnir framlag annarra einnig sem sinna miklu, Már segist gera minnst í stjórn en geri samt mikið. Hvernig getur borðtennis komist á þann stall að það fái aukin fjárframlög og við styrkjumst, það hafi verið rétt við Véstein Hafsteinsson afreksstjóra, skiptir miklu máli að búa til stjórnur. Erum búin að mynda nokkra einstaklinga sem eru orðnar stjórnur, með útbreiðslustarfi er búið að leggja grundvöll að það geti einherjar stórstjórnur komið fram á næstu árum. En Auður getur ekki verið áfram í 60-70% starfi launalaust. MM er ekki með patent lausnir en hefur áhyggjur af því að það nái ekki þessu flugi nema eitthvað nýtt komi til. Annars förum við í mikinn mínus ef halda á þessu öfluga starfi áfram.

- 11) Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins. Fundarstjóri opnar á umræðu. Fresta afgreiðslu reikninga til júní sbr það sem MM nefndi. En opnað á umræðu, orðið laust. Skúli, mikilvægt að fá pening, mætti t.d. rukka fyrir þátttöku á mótum, hluti af keppnisgjaldi færi til BTÍ. Guðrún Gestsdóttir nefndir að hún hafi nefnt þetta í stjórn en ekki fengið hljómgrunn. Ekki mikil vinna að koma þessu á. Davíð spyr hvort félagið sé á almannaveillaskrá. MM segir svo vera. Pétur G. nefnir aðra leið eða þá að breyta styrkjum gagnvart unglingalandsliðsmálum, borga minna hlutfall hjá BTÍ. Ásta ræðir gjaldið fyrir keppni, fyrir löngu síðan var leyfisgjald í gildi, í UK þarf t.d. að borga 15 pund í öldungasambandið þar. Varðandi mannval í stjórn er spurt hvort nýta megi varastjórn í verkefni til að minnka álag á stjórn. Auglýsa eftir fólki í ákveðin hlutverk, nefndir hefur verið erfitt að manna. Fá fleiri hendur. Pétur Marteinn: sem þingfulltrúi tek ég undir áhyggjur MM að fólk brenni út. Þekkt í íþróttastarfi. Framkvæmdastjórinn sem var í starfi hefði átt að afla peninga en ekki vera kostnaður. Áhyggjuefni að peningar hafi brunnið upp og fólk brunnið upp í starfi. Auður: vorum með framkvæmdastjóra í 25-50% starfi, vorum dugleg að minna framkvæmdastjóra á hlutverk sitt að afla tekna. Viðkomandi náði að afla fjármagns fyrir 2 af 12 mánuða kostnaði við starfið. Pétur G: önnur leið fyrir fjáröflun, ekki beint komið inn á hvort við séum meðvituð um að reyna að komast í hærri afreksflokk, frekar einfalt, þarf að uppfæra afreksstefnu og fylgja henni. Auður bregst við: Kom ekki fram áðan að það er kominn tími til að uppfæra afreksstefnuna og planið að gera það á fundinum í júní. Hitt atriðið er að við eigum mikil tækifæri á meiri afreksstyrkjum ÍSí. Fundað með Vésteini [o.fl.](#) Skýrara í dag, árangur fyrst annars ekki séns. Fyrir borðtennis er þetta oft erfitt m.v. aðrar greinar. Nefnir Matthías Sandholt sem fékk boð um að fara á EM-21 og svo Sól að keppa í efstu deild í Sviþjóð og ATA átti fund með head of development ETTU um að fá erlendan þjálfara með námskeið fyrir þjálfara. Nefndi Inga Darvis og árangur hans. Þessi maður, head of development, spurði ATA hvort hún vissi að Ísland væri eina Evrópulandið sem hafi sótt um olympic solidarity styrk. Þar eru milljónir, vill hjálpa okkur með þetta. Þetta er ekki verkefni fyrir eina manneskju að sinna. Auglýsir eftir hugmyndum um hvort þetta sé vegferð sem við ættum að fara í. Jóhann Ingi tekur dæmi af sínum syni rosalega erfitt að æfa jafn mikið og markvisst og leikmenn vilja án þess að fara erlendis. Talsvert mikill munur á tækifærum. Sigurjón nefnir að það hafi verið 260 birtar fréttir á [bordtennis.is](#) á síðustu 12 mánuðum sem sýnir hve mikið er í gangi og margir sem leggja hönd á plóg. ATA nefnir einnig mikla umfjöllun á RÚV og víðar, fréttir sem jafnvel hafa verið lesnar af 7000 einstaklingum. MM nefnir varðandi útbreiðsluna að tækifærin séu að margfaldast.

- 12) Reikningar voru ekki bornir undir atkvæði þar sem þeim er ekki lokið, stefnt að 14.-15. júní og boðað til aukafundar til að samþykkja reikninga. Tillaga gerð um frestun afgreiðslu reikninga. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 13) Fjárhagsáætlun. MM segir að fjárhagsáætlun sé óljós. Ca. 0,5 til 1,0 mkr tap á næsta ári. Taka þetta mál upp samhliða reikningum. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- 14) Lagabreytingar. Engar breytingar sem liggja fyrir á þinginu á lögum BTÍ.
- 15) Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist. Þó nokkrar tillögur hafa borist. Þarf samþykki með einföldum meirihluta. Bindur næstu stjórn, þetta eru meira hugmyndir til útfærslu á vegum stjórnar. Tillöguhöfundar kynnir og svo umræða um þær. Byrja á að kynna tillögur. Tvær tillögur frá Ástu Urbancic sem má finna á vef BTÍ. Ásta kynnir sínar tillögur. Úrslitaleikir eru miklu styttri en aðrir leikir í deildarkeppninni, leggur til að það sé sama fyrirkomulag í úrslitakeppni. Hin tillagan snýr að gjaldgengi leikmanna, engar kvaðir núna í dag, þurfa ekki að hafa spilað neinn leik fyrir úrslitakeppni. Finnst að það eigi að vera liðið sem hefur keppt um veturinn. Var áður ákveðinn fjöldi leikja sem krafa er um að hafa spila um veturinn, þessi klausa var tekin út en Ásta leggur til að taka hana aftur inn. Ekki aðalatriðið hvort það séu 20 eða 25% leikja. Félagaskipti, enginn einn sem heldur utan um það nema þá helst mótanefnd. Þarf að tilkynna félagaskipti ef þeir koma eftir nokkur ár til baka, þurfa allir að tilkynna félagaskipti jafnvel þó leikmaður hafi ekki spilað í fjöldamörg ár. Leggur til að leikmaður sem dettur út eftir 3 ár á styrkleikalista sé þar með ekki bundinn félagi. Björgvin Ingi er með tvær tillögur, hann er ekki á staðnum en Pétur M fer yfir þær. Leikmaður sem fellur niður um flokk í nýjustu keyrslu styrkleikalista fær ekki keppnisrétt í flokknum fyrr en hann hefur verið skráður í þann flokk í að minnsta kosti tvær samfelldar keyrslur styrkleikalista. Markmið þessarar reglu er að tryggja að leikmenn sem eiga greinilega heima í efri flokkum, detti ekki tímabundið niður um flokk og taki þátt á móti sem þeir eru augljóslega of sterkir fyrir. Seinni tillagan vísar í 6. Grein um styrkleikalista en þar segir að skráning nýrra leikmanna inn á styrkleikalista sé byggð á úrslitum á fyrsta móti sem leikmaður tekur þátt í. Þetta fyrirkomulag hefur ákveðna galla að mati Björgvins, skráning leikmanna eftir fyrsta mót endurspeglar ekki alltaf styrkleika viðkomandi. Leggur til að setja skýrari viðmið um hvernig menn eru metnir á listann. Jón Gunnarsson sammála tillögu Ástu um að hafa sömu lengd á leikjum í úrslitakeppni. Tómas Shelton nefnir að honum finnist betra fyrirkomulag á úrslitakeppninni í dag. Nefnir að það bjóði upp á meiri spennu. Talsverð umræða um þetta fyrirkomulag. Margir tóku til máls þ.a.m. Davíð, Ársæll, Jóhannes, Pétur G., Skúli, Pétur M., Jón G, Piotr, Sigurjón, Ingimar, Bæring og Guðrún Gests. Ætti að gera könnun á þessu meðal leikmanna. Skiptar skoðanir á þessu. Mörgum finnst 10 leikja fyrirkomulagi í deildinni mun skemmtilegra fyrir leikmenn. Fyrsta tillaga Ástu: Borið undir atkvæði at vísa til stjórnar, tillagan er samþykkt með 15 atkvæðum gegn 7. Önnur tillaga Ástu. Nokkur umræða um tillöguna. Tómas, Ársól, Skúli, Guðrún G., Pétur G., Ingimar, Ársæll, Ásta, Pétur M., Jóhannes Urbancic, Ársól og Davíð, Skiptar skoðanir á tillögunni, með og á móti. Útfærslan gæti verið mismunandi t.d. varðandi reglur um útlendinga a.v. og svo Íslendinga sem spila erlendis. Ásta vill að prósentutalan skiptir ekki öllu máli. Kosning um að vísa tillögu til stjórnar, samþykkt með 14 atkvæðum en 9 á móti. 3ðja tillaga Ástu sem snýr að breytingu á 5. gr. keppnisreglna þ.e. Að leikmenn sem snúa aftur til keppni af óvirka styrkleikalistanum þurfa ekki að tilkynna félagaskipti, þótt þeir keppi fyrir nýtt félag. Jóhannes og Ingimar tóku til máls. Atkvæði greidd um tillöguna, samþykkt með öllum atkvæðum. Fyrri tillaga Björgvins um leikmenn sem falla um flokk. Ásta tekur til máls, Jón G, Jóhannes U, Pétur M., Ársæll, tóku til máls, margir á því að tillagan flæki málin varðandi styrkleikalista, þýði meira eftirlit. Kosning um tillöguna: Tillagan felld með öllum greiddum atkvæðum. Seinni tillaga Björgvins. Eftirtaldir tóku til máls, Ingimar, Ásta, Ársól, Ársæll, Pétur G, Pétur Marteinn og Skúli. Aðlaga regluna að þeirri vinnureglu sem er í gangi. Stjórn þurfi að taka umræðuna. Jón leggur til breytingatillögu sem felur í sér að þessari tillögu veri breytt á þann veg að stjórn taki hana til umfjöllunar á grunni umræðu á ársþinginu. Breytingatillaga Jóns samþykkt með öllum atkvæðum.

Seinni tillaga Björgvins vísað til stjórnar, samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Tillögum var varpað upp á skjá og má einnig finna í frétt á bordtennis.is

- 16) Kosning stjórnar og varamanna. Verið að kjósa um sum sæti en ekki öll, tvo í aðalstjórn. Már og Guðrún. Már og Guðrún vilja halda áfram en með stólaskiptum. Enginn boðið sig fram í varastjórn. Samþykkt með lófaklappi að Már og Guðrún séu kosin. Klappað fyrir sjálfkjörinni stjórn. Tillaga um varastjórn með Pétri Stephensen, Bæring og Rubén Illera López sem býður sig fram í stað Jóns G. sem vildi losna. Klappað fyrir sjálfkjörinni varastjórn.
- 17) Kosning skoðunarmanna reikninga. Lagt til að Árni Siemsen og Kristján Örn Eliasson haldi áfram sem skoðunarmenn. Það er samþykkt.
- 18) Val fulltrúa á íþróttaping. Fer fram um næstu helgi. Stjórn BTÍ þurfti að skila kjörbréfi fyrir 10 dögum síðan, fulltrúi er Auður og varafulltrúi Sigurjón Ólafsson. Það samþykkt einróma.
- 19) Önnur mál. Ingimar. Varðandi mótsskrána. Hafa hana tilbúna fyrr. Vandræði hjá BH með að bóka salinn. Slagsmál við margar íþróttagreinar. Guðrún sammála, vilji til að gera þetta fyrr. Misjafnt milli félaga. Setja tímamörk t.d. við 15. júní hvert ár. Ásta: ósammála túlkun stjórnar að mót UMFÍ fari inn á styrkleikalista. UMFÍ er annað en ÍSÍ, í reglum segir að öll mót á vegum BTÍ fari inn á styrkleikalista. Stutt síðan að UMFÍ mótið hafi komið til sögunnar, fullt af krökkum að keppa í borðtennis. Vill ekki að þessi móti fari inn á styrkleikalistann þó BTÍ komi að mótunum. Núna hefur t.d. fjölgað verulega hjá þeim sem eiga rétt á setu á ársþingi. Fullt af félögum sem eiga rétt á setu þó þar sé ekki stundaður borðtennis. Pétur M. nefnir að það sama eigi við RIG. Jóhannes sammála þessu að þessi mót eigi ekki að telja. Jón að mörgu leyti sammála Ástu, vísar í aðkomu sína að UMFÍ 50 plús. Þar var keppandi frá Þrótti í Vogum, vakti furðu formanns Þróttar að þeir ættu fulltrúa á ársþingi BTÍ. Með þetta í huga finnst Jóni þetta varhugavert. Auður nefnir að stjórn hafi rætt þetta, talið sterkara að þetta sé inni en sennilega skynsamlegt að félög með færri en 10 iðkendur fái aðeins 1 fulltrúa á ársþing. Stjórn túlkaði að UMFÍ mótið væri BTÍ mót. Guðrún nefnir að þetta þurfi að taka fyrir aftur. Unglingalandsliðsmál rædd, eru plön komin fyrir næsta haust spyr Pétur G? Myndi vilja sjá miklu betra skipulag, óþægilegt fyrir foreldra að vita ekki meira. Vill sjá auglýsingu í loftið sem fyrst. Erla spyr á að senda á EM undir 13 ára? Auður: ekki búið að senda okkur prospectus en hefur verið 2 drengir og 2 stúlkur. Verður tekið fyrir í stjórn. EM13 þá verður til að mynda að senda stelpur og stráka að mynda lið. Rætt líka um landsliðsþjálfaramál. Piotr tekur til máls: Vill ræða gæði dómara í keppnum. Hefur oft mikil áhrif að dómara séu ekki nægilega vel að sér. Nefnir dæmi um að leikmaður hafi skipt um spaða í miðjum leik. Henda kúlunni ekki nægilega hátt er algengt og ekki gert neitt við. Dæmi um ólöglegt gúmmi hafi verið notað. Finnst yfirdómarar stundum ekki þekkja reglurnar nægilega vel. Leggur til að prenta út 7 bls af ITTF reglum, kafla 2, hafa þetta prentað á öllum BTÍ mótum til að tryggja betri framkvæmd. Gefa leikmanni heimild til að vísa í reglur sem eru brotnar og bera undir yfirdómara. Vill þakka Jóhannesi fyrir að stuðla að betri þekkingu dómara með námskeiðum. Ársól tekur undir þetta og bendir líka á hegðunarvandamál á mótum sem þarf að taka á. Pétur M sammála Piotr, þurfum að vera faglegri í þessu. Finnst að ætti að vera dómaranefnd hjá BTÍ. Aðrar íþróttir með mun ítarlegri reglur um starfsemi svona nefnda. Jóhannes nefnir túlkunina sem reynir mikið á. Ruben er sammála því að það þurfi að bæta dómaramálin, fjölga námskeiðum og bæta þekkinguna er mikilvægt. Ásta: reglurnar hafa verið þýddar á íslensku af Eyrúnu, telur að þær eigi að vera aðgengilegar bæði á íslensku og ensku. Pétur M sammála um að það eigi að vera skýrari greinarmunur á dómurum og fletturum sem Ruben benti á. Piotr ánægður að sjá notkun á spjöldum á Íslandsmóti öldunga. Ársól nefnir dæmi um að yfirdómarar hafi tekið létt á ákvörðun um notkun á spjöldum á Íslandsmóti unglunga, dómara höfðu ekki spjöld. Pétur G: fjölga liðum í 1. deild karla úr 6 í 8, tímabilið er stutt, lengja tímabilið sem er gott fyrir leikmenn. Jafnvel að fjölga liðum í 2. deild úr 6 í 8. Ótrúlega mörg góð lið núna og lítill munur á milli neðstu liða í 1. deild og efstu í 2. deild. Þýddi 2 deildarhelgar í viðbót, svigrúm til að bæta við. Hægt að byrja fyrr. Jón: góð hugmynd. Pétur M telur að þetta þurfi að fara í gott samráð. Ásta nefnir að það sé óvinsælt að vera með mót í desember og maí hjá

stúdentum. Guðrún nefnir líka vandræði með að finna húsnæði nú þegar. Jóhannes: hljómar skemmtilega. Má leysa með að spila á laugardegi og sunnudegi. En vantar sjónarmið keppenda í þessu. Pétur saknar þess að það sé ekki 2. flokks mót í gangi á sama tíma og deild. Ársæll: árekstrar geta komið upp.

- 20) Fundarstjóri þakkaði fyrir gott þing og málefnalegar umræður.
- 21) Ræða formanns. Auður þakkar fyrir gott þing og hvetur til góðs samstarfs á komandi ári. Nefnir sérstaklega þátttöku nýrra félaga í þinginu. Brýning í lokin að hafa samband við stjórn ef fólk er með erindi. Minna á að setja inn efni á samfélagsmiðla um borðtennisiðkun og tagga félögin ykkar.
- 22) Þingslit. Þingi slitið klukkan 17:48

Fundargerð ritaði Sigurjón Ólafsson.

Aukaársping BTÍ 14. júní 2025

- *Þingsetning*
Auður Tinna Aðalbjarnardóttir setur þing.
- *Kjör fundarstjóra og fundarritara*
Auður Tinna tilnefnir Pétur Marteinn Urbancic Tómasson sem fundarstjóra og Stefán Ingvar Vigfússon sem ritara. Öll eru samþykkt því.
- *Staðfesta lögmæti fundarins*
Engar athugasemdir eru gerðar við lögmæti fundar og er hann því löglega boðaður.
- *Kosning kjörbréfanefndar*
Auður Tinna leggur Ásta A. Urbancis verði formaður kjörbréfanefndar og að hún leggi til tvo í viðbót. Ásta vísar því frá sér. Auður Tinna býður sig fram sem formaður kjörbréfanefndar og leggur til að Már Wolfgang Mixa og Stefán Ingvar sitji í þeirri nefnd. Opnað fyrir umræðu. Engin mótmæli bárust og er tillaga samþykkt.
- Hlé gert á fundi á meðan kjörbréfanefnd ræður ráðum sínum.
- Fundur heldur áfram. Fundarstjóri gefur formanni kjörbréfanefndar orðið. Formaður vísar til 7. greinar laga BTÍ. Kjörbréfanefnd bárust engin kjörbréf og telur fundinn geta haldið áfram. Fundarstjóri gerir athugasemd við þessa túlkun í ljósi þess að enginn viðstaddur hafi atkvæðisrétt við samþykki annara viðstaddra. Formaður kjörbréfanefndar leggur til að kjörbréf séu gefin út og fundi haldið áfram. Formaður kjörbréfanefndar segist ekki sammála túlkun fundarstjóra um að fundur geti ekki haldið áfram og vísar til þess að sé samkvæmt.
- *Þingslit*
Stjórn leggur til að fundi verði slitið og að boðað verði til aukaárþings að nýju þar sem enginn vafi leiki á formsatriðum. Fundarstjóri leggur til að fundi verði slitið og er það samþykkt. Boðað verður til nýs aukaárþings í lok júní.

Aukaársping BTÍ 29. júní 2025

- *Þingsetning*
Þing er sett.
- *Kjör fundarstjóra og fundarritara*
Skv. vilja þingsins er Pétur Marteinn Urbancic Tómasson kjörinn fundarstjóri og Stefán Ingvar Vigfússon fundarritari.
- *Staðfesta lögmæti fundarins*
Fundarstjóri spyr hvort athugasemd sé gerð við lögmæti fundar. Engin athugasemd berst. Fundurinn er því löglegur.
- *Kosning kjörbréfanefndar*
Kristján Örn Elíasson, Þorbergur Freyr Pálmarsson og Guðrún Gestsdóttir bjóða sig fram í kjörbréfanefnd og er það samþykkt. Kjörbréfanefnd yfirgefur salinn til þess að ráða ráðum sínum.

Kristján gerir grein fyrir störfum kjörbréfanefndar. Þrjú kjörbréf hafa borist. KR er með tvo fulltrúa, Guðrúnu Gestsdóttur og Ástu Urbancic, báðar eru mættar. BH er með tvo fulltrúa Þorberg og Pétur Marteinn og báðir eru mættir. Fyrir Víking eru tveir fulltrúar, þeir Kristján Örn og Jóhann Ingi Benediktsson, báðir eru mættir. Alls eru sex fulltrúar mættir til þings.

- *Fara yfir fundargerð síðasta þings*
- Formaður vísar til fyrirliggjandi fundargerðar.
- *Afhending viðurkenninga*
Engar viðurkenningar.
- *Ávörp gesta*
Engin ávörp.
- *Fráfarandi stjórn gefur skýrslu*
Vísað er til síðustu skýrslu.
- *Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna)*
Már Wolfgang Mixa leggur fram ársreikning sambandsins, sem einnig hefur verið birtur á bordtennis.is
- *Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins*
- Már gerir grein fyrir fundi sínum með skoðunarmönnum, sem eru Kristján Örn Elíasson og Árni Siemsen. Skoðunarmenn sáu ekkert athugasemdvort við stóru myndina. Jafnframt var litið á núverandi stöðu BTÍ og er hún betri en „eðlilegt“ er vegna inngreiðslu vegna ferðar sem eftir á að greiða kostnað við.

Tap var á rekstri BTÍ um nokkura ára skeið sem skýrist af miklu útbreiðslustarfi, auknu landsliðsstarfi og ýmsum nýjungum, svo sem starfsmannahaldi (framkvæmdastjóri). Skorið hefur verið niður og tapið fer minnkandi. Búið er við enn minna tapi fyrir þetta

starfsár. Már greinir frá óformlegum fundi með Willum Þór, forseta ÍSÍ, sem leist vel á fyrirætlanir stjórnar BTÍ um rekstur, m.a. um að vera með um þrjár milljónir á bankareikningi.

Aftur að fundi með skoðunarmönnum, eitthvað vantaði upp á skýrleika á sundurliðunum og þeir komu með tillögu að því hvernig betrubæta megi það. Stjórn hefur hug á því að sundurgreina kostnað vegna karlalandsliðs og kvennalandsliðs.

Nýtt vinnulag kynnt þar sem fráfarandi gjaldkeri og nýr hittust og þegar greitt verður fyrir vörur eða þjónustu skuli það merkt í excel-skjal undir eins, það komi einnig til með að spara bókhaldskostnað.

Stærsti kostnaðurinn er í lið 2, landslið, hann má aðgreina betur til þess að skýrara sé í hvað kostnaður fer.

Fundarstjóri opnar fyrir umræðu. Kristján spyr hvort hægt sé að fá mót til landsins svo fleiri geti notið góðs af peningum en bara þau sem fara út. Þorbergur bendir á að um mjög stórt verkefni sé að ræða. Auður segir frá fundi við Norður-Evrópska Borðtennissambandið (NETU) og að stefnt er á að Norðurlandamótið í borðtennis verði haldið í Reykjavík árið 2030. Síðast var það haldið í Reykjavík árið 2005.

Guðrún spyr hvers vegna núll krónur séu færðar í kostnað vegna borðtenniskúlna. Skýringin er sú að sá kostnaður hafi verið færður undir annan lykil. Pétur spyr út í athugasemd um að Íslensk getspá hafi skv. Valdimar fyrrum framkvæmdastjóra synjað um að auka framlög við BTÍ vegna of góðrar stöðu á bankareikningi og gamlar fyrirætlanir um að byggja eða kaupa aðstöðu fyrir borðtennis. Auður segir þá athugasemd hafa komið eftir fund Valdimars við Íslenska getspá og veltir því upp hvort rétt sé að BTÍ stofni dótturfélag um það verkefni að búa til Þjóðarhöll í borðtennis, sem sé framtíðardraumur.

Umræða um fyrri Norður-Evrópumót í borðtennis, það átti að halda Norður-Evrópumót unglinga fyrir fáeinum árum hér í Reykjavík en þurfti að falla frá því vegna eftirstöðva COVID.

Ásta Urbancic spyr út í athugasemd Fastlands um að þau hafi ekki endurskoðað ársreikninginn og hvort það eigi ekki að kjósa um endurskoðaðann reikning. Már segir að skoðunarmennirnir annist skoðun lögum samkvæmt. Auður og Kristján taka undir það. Már bendir á að kostnaður vegna endurskoðunar væri töluverður. Ásta gerir enga athugasemd við það fyrirkomulag. Fundarstjóri telur þetta standast lög.

Þorbergur spyr hvernig ákvörðun er tekin um það hvernig kostnaður skiptist á milli A-landsliðs og unglíngalandsliðs. Auður Tinna segir það hafa verið stefna stjórnar að hlusta á á óskir þjálfara og að ákvarðanir taki mið af þörfum og hagkvæmni lausna. Már rifjar upp samtal við Véstein, sem þá var afreksstjóri ÍSÍ, í aðdraganda aðalþings um að stefnan skuli sett á að skapa afreksfólk. Már veltir því upp hvort rétt sé að hitta Willum.

Ásta spyr um kostnaðarpátttöku leikmanna. Auður útskýrir að fram til ársins 2024 hafði A-landslið ekki borgað neitt í mörg ár en sú regla var brotin þegar ferð á EM karla í

haust, sem ekki var á áætlun, var farin vegna óska landsliðsþjálfara. Leikmenn greiddu flug sitt en áttu að geta fengið það allt til baka frá íþróttahéruðum sínum.

Unglingalandslið greiðir um þessar mundir u.þ.b. helming af raunverulegu verði en er með góða harðfisk fjáröflun til að vega upp á móti. Á þinginu í maí bárust ein eða fleiri athugasemd um að unglingalandslið mætti borga hærra hlutfall. Auður Tinna bendir á að BTÍ sé ekki með versta umhverfið hvað þetta snertir og vísar í samtal við starfsmann KKÍ viku fyrr.

Mælendaskrá tæmd.

- *Reikningar bornir undir atkvæði*
Reikningar skoðast samþykktir með sex atkvæðum á móti núll.
- *Fjárhagsáætlun*
Már gerir grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Í stuttu máli þá hækka tekjur lítillega eða 5%, sem er í takti við verðbólgu og gjöld verða svipuð. Mögulega séu laun ofáætluð en Már vill frekar gera það en að vanmeta. Tiltölulega litlar breytingar frá árinu áður.

Opnað er fyrir umræður. Pétur Marteinn bendir á að útbreiðslustyrkurinn sé 5 milljónir en að kostnaður sé áætlaður í 2,3 milljónir. Góður punktur, segir Már.

Pétur spyr um starfsmannahald og breytingar á hlutverki með auglýsingu á vefnum til hliðsjónar. Auður segir að stefna stjórnar hafi fram að þessu verið sú að eyða sem minnstu í starfsmannahald og að svo verði áfram. Auður segir tækifæri fólgin í því að nýta nýjan starfsmann í störf út á við, svo sem samskipti við fjölmiðla og gerð samfélagsmiðlaefnis, en nýr starfsmaður (Stefán Ingvar Vigfússon) hafi góða reynslu af slíkri vinnu, til viðbótar við þær lágmarksskyldur sem í starfinu felist.

Guðrún spyr hvort áætlaður launakostnaður landsliðsþjálfara sé undir liðnum laun eða landslið. Landslið, segir Már.

Kristján veltir því hvort hægt sé að nýta danskan landsliðsmann sem oft á erindi til landsins vegna fjölskyldutengsla og það rætt.

Fjárhagsáætlun samþykkt með sex atkvæðum á móti núll.

- *Lagabreytingar*
Á ekki við.
- *Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist*
 - Á ekki við.
- *Kosning stjórnar og varamanna.*
 - Á ekki við.
- *Kosning skoðunarmanna reikninga*
 - Á ekki við.

- *Val fulltrúa á íþróttaping*

- Á ekki við.

- *Önnur mál.*

Þorbergur spyr um nýju landsliðsbúninga hvernig fyrirkomulagið eigi að vera, hvort fólk geti keypt treyjur. Auður Tinna segir að horfið sé frá fyrirkomulagi um lánstreyjur og farið í eignarfyrirkomulag.

Ásta spyr hvort auglýsing eftir fólki í nefndum borðtennissambandsins hafi borið ávöxt. Auður Tinna segir að svo hafi verið. Staða nefnda er góð. Engin önnur mál.

- *Ræða formanns*

Auður Tinna þakkar fyrir komuna og fínar umræður.

- *Þingslit*

Þingi slitið.